



GOLFSKÓLI GSS 2017

Golfklúbbur Sauðárkróks býður upp á metnaðarfullt starf og kennslu fyrir börn og unglinga þar sem skapaðar eru framúrskarandi aðstæður til þess að æfa golf. Unglinganefnd fer fyrir starfinu í samstarfi við stjórn GSS. Áhersla er lögð á að allir njóti sín á eigin forsendum. Byrjendur geta fengið lánaðan nauðsynlegan golfútbúnað til æfinga.

Það er von Unglinganefndar GSS að þetta kver geti nýst foreldrum og þátttakendum í Golfskólanum til að kynna sér dagsskrá sumarsins. Einnig vonum við að foreldrar sjái sér fært að aðstoða okkur, þá sérstaklega við mót/uppákomur á vegum unglínganefndar og eru allar hugmyndir eru vel þegnar.

Í sumar munu Atli Freyr Rafnsson og Arnar Geir Hjartarson sjá um að leiðbeina börnum og unglinum í GSS. Þeir hafa komið að kennslu barna og unglíngna sem aðstoðarkennarar þeirra PGA golkennara sem kennt hafa hjá klúbbnum undanfarnin ár. Arnar Geir mun sjá um þjálfun eldri hóps en Atli Freyr um yngri hóp og sumartím.

Ýmislegt er á döfinni í sumar. Norðurlandsmótaröðin er fastur liður og hluti af henni er NÝPRENT-OPEN, sem verður á Sauðárkróki 25. júní. Þá er meistaramót, Norðurlandsmótaröð og fleira skemmtilegt á döfinni. Mót eru ýmist flokka- eða aldursskipt, sem hentar mismunandi getustigum. Þjálfarar leiðbeina og hvetja iðkendur til þátttöku í samræmi við framvindu og áhuga.

Það verða ýmsar uppákomur í sumar og munum við gera okkar besta til að Golfskólinn skili árangri og að þátttakendur njóti þess að stunda íþróttina.

*Með golf- og sumarkveðju,
Barna- og unglínganefnd GSS*

SUMARÆFINGAR GSS JÚNÍ - ÁGÚST 2017

	mánudagur - fimmtudagur	föstudagur
9:00-10:30	Golfskóli 11 ára og yngri	
10:40-12:00	Sumar Tím	
13:00-15:00	Golfskóli 12 ára og eldri	

Nemendur geta komið með nesti með sér og snætt í golfskólanum. Mikilvægt er að sýna góða umgengni og hegðun í golfskólanum til að þetta fyrirkomulag geti gengið snurðulaust fyrir sig.

Gjald fyrir sumarið er:

- **12 ára og yngri:** 16.800,-
- **13-16 ára:** 20.300,-
- **17-26 ára:** 26.000,-
- **Fjölskyldugjald 87.500,-** (Eitt árgjald fyrir alla fjölskyldumeðlimi (börn 16 ára og yngri) og er golfskólinn innifalinn í árgjaldi + inneign í sjoppu)
- **Byrjendagjald fjölskyldu 56.000,-** (Eitt árgjald fyrir alla fjölskyldumeðlimi (börn 16 ára og yngri) og er golfskólinn innifalinn í árgjaldi + inneign í sjoppu)

Hægt er að millifæra á eftirfarandi reikning: **Golfklúbbur Sauðárkróks Kt.: 570884-0349, Banki: 0349-26-72**, eða semja við gjaldkera (gjaldkeri@gss.is) um annað greiðslufyrirkomulag.

Tilkynningar, myndir og fréttir er hægt að lesa á síðunni www.gss.is og á facebook; „Golfklúbbur Sauðárkróks“ og „Golfmyndir GSS“

Formaður klúbbsins er Rafn Ingi Rafnsson 8626244 – formadur@gss.is, upplýsingar um aðra stjórnarmeðlimi má finna á gss.is

BARNA- OG UNGLINGANEFND GSS 2016 SKIPA:

Árný Lilja Árnadóttir, arnyl@simnet.is – 8499420

Helga Jónína Guðmundsdóttir, helgajg@simnet.is - 8646888

Hanna Dóra Björnsdóttir, hannadora@gmail.com – 8986698

Selma Barðdal Reynisdóttir, selmabr@gmail.com - 8449874

Kristrún Snjólfisdóttir, gilstun28@internet.is – 8626454

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir, raftahl70@simnet.is 8685069

Pjálfarar:

Arnar Geir Hjartarson - 7788771

Atli Freyr Rafnsson -8576636

DAGATAL 2017

Dags	Klúbbur	Nafn
26.05.17	GHR	Íslandsbankamótaröðin (1)
27.05.17	GOS	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (1)
09.06.17	GS	Íslandsbankamótaröðin (2)
10.06.17	GSG	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (2)
16.06.17	GG	Íslandsbankamótaröðin (3) holukeppni
17.06.17	GHG	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (3)
25.06.17	GSS	1. Nýprent Open unglingsmót Norðurlandsmótaröð
2.7.2017	GHD	2. Dalvík - annað mót Norðurlandsmótaraðar
13.07.17	GL	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (4)
14.07.17	GL	Íslandsbankamótaröðin (4) Íslandsmótið
25.7.2017	GFB	3. Ólafsfjörður - þriðja mót Norðurlandsmótaraðar
28.07.17	GA	Íslandsbankamótaröðin (5)
29.07.17	GA	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (5)
18.08.17	GHR	Íslandsmót golfklúbba - piltar 18 ára og yngri
18.08.17	GF	Íslandsmót golfklúbba - stúlkur 15 / 18 ára og yngri
18.08.17	GM	Íslandsmót golfklúbba - drengir 15 ára og yngri
25.08.17	GKG	Íslandsbankamótaröðin (6)
26.08.17	GSE	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (6)
09.09.17	GA	4. Lokamót Norðurlandsmótaraðar

Almennar hegðunarreglur:

- Iðkendur og þjálfarar skulu ávallt koma fram af kurteisi og virðingu.
- Klæðst skal snyrtilegum fatnaði, gallabuxur eru ekki leyfðar og höfuðföt eru tekin niður innandyra.
- Iðkendum ber að fara eftir fyrirmælum þjálfara síns og vallarstjóra eins og þeim er framast unnt.
- Iðkendum og þjálfara ber að sýna meðspilurum sínum og þeirra aðstoðarfólki / þjálfurum almenna kurteisi.
- Iðkendur og þjálfarar skulu mæta stundvíslega á æfingar og nota tímann vel.
- Iðkendur og þjálfarar skulu kappkosta við að ganga vel um skála, skýli, æfingasvæðið og golfvöllinn sjálfan.
- Mikilvægt er að setja torfusnepla í kylfuför og laga boltafär á flötum.
- Kylfingum ber að halda eðlilegum leikhraða.
- Ekki skal fara með golfpoka eða kerrur inn á flatir eða teiga.

